

## Verklagsreglur um starfsemi Frístundar í Hvalfjarðarsveit

---

Hvalfjarðarsveit starfrækir Frístund fyrir börn í 1. - 4. bekk sem eiga lögheimili í Hvalfjarðarsveit. Á heimasíðu Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar er að finna ítarlegar upplýsingar um frístund sveitarfélagsins. Frístund starfar samkvæmt viðmiðum um starfsemi frístundar sem sett voru af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu en heitir í dag Mennta- og barnamálaráðuneyti og þeim reglum sem sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar hefur sett um þjónustu Frístundar.

### Skráning

Foreldrar/forsjáraðilar barna sem eru með lögheimili í Hvalfjarðarsveit fá sendan tölvupóst með upplýsingum um skráningu í Frístund. Skráning á haustönn þarf að berast fyrir 15. ágúst og skráning fyrir vorönn þarf að berast fyrir 15. desember. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfrestur er liðinn verða afgreiddar eftir því sem aðstæður í Frístund leyfa. Hægt er að skrá börn frá einum degi og upp í fimm daga vikunnar á ákveðna vikudaga. Til að Frístund sé opin tiltekinn vikudag þurfa að lágmarki þrjú börn að vera skráð þann daginn. Skráning er bindandi. Gagnkvæmur uppsagnafrætur í Frístund er einn mánuður og þarf að vera búið að segja upp dvölinni fyrir 1. dag hvers mánaðar. *Til að mynda ef dvöl er sagt upp 31. janúar þá tekur uppsögn gildi 1. mars og foreldrar /forsjáraðilar greiða til 1. mars.*

### Opnunartími

Opnunartími Frístundar er frá því að skóladegi lýkur kl. 13:30 – 16:30. Á haustin byrjar Frístund sama dag og skólinn hefst og lokar á vorin síðasta skóladag. Frístund er starfrækt alla kennsludaga í samræmi við skóladagatal Heiðarskóla að undanskildum tvöföldum skólädögum, þ.e.a.s. árshátíð, fullveldishátíð og litlu jólín.

### Skilyrði fyrir dvöl í Frístund

Skilyrði fyrir dvöl barns í Frístund er að barnið sé í 1.-4. bekk, eigi lögheimili í Hvalfjarðarsveit og að foreldrar/forsjáraðilar barnsins séu ekki í vanskilum við sveitarfélagið vegna dvalar barns þeirra í Frístund. Ef foreldrar/forsjáraðilar búa ekki saman en fara sameiginlega með

forsjá barns verður barnið að hafa lögheimili hjá því foreldri sem búsett er í sveitarfélagini til að hægt sé að sækja um fyrir það í Frístund.

### **Gjaldskrá**

Gjaldskrá Frístundar er endurskoðuð árlega af sveitarstjórn, sjá nánar í gjaldskrá Frístundar. Gjaldið er innheimt eftirá, fyrir hvern mánuð. Þriggja mánaða vanskil jafngildir uppsögn í Frístund. Innheimt er aukalega ef barn er ekki sótt innan umsamins vistunartíma.

### **Veikindi**

Ef barn er fjarverandi vegna veikinda í fjórar vikur samfellt eða í lengri tíma skal ekki greiddur fæðiskostnaður vegna barnsins.

### **Stuðningur**

Frístund er fyrir öll börn í 1.-4. bekk. Tekið er tillit til barna sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda samkvæmt mati viðurkenndra aðila.

### **Samstarf**

Gagnkvæm og virk upplýsingagjöf er á milli Frístundar og Heiðarskóla með reglulegum fundum. Starfsemi Frístundar er kynnt fyrir foreldrum/forsjáraðilum. Starfsfólk Frístundar sækir upplýsingafundi og teymisfundi eins og þurfa þykir.

Regluleg upplýsingagjöf er á milli starfsfólks Frístundar, skólastjórnenda Heiðarskóla og Frístunda- og menningarfulltrúa Hvalfjarðarsveitar.

### **Mannauður**

Starfsfólk Frístundar skal hafa fagmenntun á sviði uppeldis- og menntunar/tómstunda- og félagsmálafræða. Frístundaleiðbeinendur skulu hafa menntun og /eða reynslu sem nýtist í starfi.

**Allar beiðnir um frávik eða undantekningar frá reglum þessum skulu berast formlega og vera teknar fyrir til afgreiðslu á fræðslunefndarfundi.**

**Reglur þessar taka gildi 23. ágúst 2023.**

Samþykkt af Fræðsluefnd Hvalfjarðarsveitar 10. ágúst 2023  
Samþykkt af sveitarstjórn Hvalfjarðarsveit 23. ágúst 2023